



Þema 4. bekkur

Jólaguðspjallið

Hæfniviðmið	Leiðir að hæfniviðmiðum/kennari	Leiðir að hæfniviðmiðum/nemandi	Námsmat
<p>Að nemendur geti:</p> <p>Reynsluheimur</p> <p>Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.</p> <p>Komið auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannlífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga.</p> <p>Sagt deili á nokkrum frásögnum, helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nær samfélaginu.</p> <p>Áttað sig á muninum á völdum þáttum trúar- og lífsviðhorfa.</p> <p>Komið auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið.</p> <p>Nefnt dæmi um trúarlegar vísanir í listum og bókmenntum.</p>	<p>Kennari:</p> <p>Fer eftir söguramma í þessu þema.</p> <p>Byrjar hvern tíma á hugstormun.</p> <p>Ræðir hvar og hvernig fæðing Jesú átti sér stað(umhverfi). Rætt um Ísrael og Betlehem. Hvernig voru húsin, landslagið/umhverfið í landinu sem Jesús fæddist í.</p> <p>Skoðaðar bækur með nemendum.</p> <p>Skiptir nemendum í hópa.</p> <p>Kennari rifjar upp <i>Jólasöguna</i> með nemendum (hvað muna þeir?) Af hverju höldum við jól? Munið þið hvernig þetta gerðist? Hvaða persónur komu við sögu? Rætt um englanna og ótta hirðanna. Rætt um vitringana, hvaðan komu þeir? Hvað unnu þeir? Hvernig ferðuðust þeir?</p> <p>Bókin <i>Fyrstu jólin lesin</i>.</p> <p>Les allt <i>Jólaguðspjallið</i> við kertaljós og kósíheit.</p>	<p>Nemendur:</p> <p>Hlusta, taka þátt í samræðum og vinna í hópum.</p> <p>Búa til klippimyndir af landslagi með húsum, dýrum, trjám, blómum, stjörnum, brunni og fleira.</p> <p>Hlusta á <i>Jólasöguna</i> og hún rifjuð upp, (hvað muna þeir?) Af hverju höldum við jól? Munið þið hvernig þetta gerðist? Rifja upp hvaða persónur komu við sögu og ræða um englanna og ótta hirðanna.</p> <p>Ræða um vitringana, hvaðan komu þeir, hvað unnu þeir. hvernig ferðuðust þeir?</p> <p>Hlusta á kennara lesa bókina <i>Fyrstu jólin</i></p> <p>Nemendur búa til persónurnar Maríu, Jósef, Jesús, hirðana, Betlehemsstjörnuna, fjárhúsið, jötuna, kindur og fleiri húsdýr, þrjá vitringa, þrjá úlfalda og gjafir.</p> <p>Nemendur búa líka til engla til að hafa á himninum.</p>	<p>Jólamat.</p> <p>Ekkert eiginlegt námsmat í þessu þema.</p>